

Föstudaginn 4. maí 1951.

Nr. 124/1949. **Skapti Davíðsson, Ólafur Davíð Davíðsson
og dánarbrú Davíðs Jóhannessonar.**

(Guttormur Erlendsson)

gegn

Jónasi Hvannberg (Theódór B. Líndal).

Setudómarar Kristján Kristjánsson borgarfrógeti,
hrl. Lárus Jóhannesson og próf. Ólafur Jóhann-
esson í stað hrd. Árna Tryggvasonar, hrd. Jóns
Ásbjörnssonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Um rétt til vegar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. september 1949, gera þessar dómkröfur.

Aðalkrafa: Að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju og að stefnda verði dæmt að greiða málskostnað eftir mati dómsins.

Varakrafa: Að þeim verði dæmd sýkna og að lögbannskerðin frá 6. júní 1949 verði úr gildi felld svo og að stefnda verði dæmt að greiða þeim málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í munnlegum flutningi máls þessa í héraði kröfðust áfrýjendur þess, að fyrsta kröfulið stefnda væri frávísað frá dómi. Héraðsdómari lýsti ekki berum orðum horfi sínu til þessarar kröfu áfrýjenda, en tók hana ekki til greina í niðurstöðu sinni. Það var að vísu yfirsjón dómara að telja ekki rök sín fyrir því, að hann hratt frávísunarkröfunni, en ekki þykir, eins og á stendur, ástæða til að láta þessa handvömm varða ómerkingu héraðsdóms, enda verður ekki séð, að rök, er hald væri í, hafi verið flutt fram til stuðnings frávísunarkröfunni.

Stefndi lagði veg þann, sem í máli þessu greinir, á sjálf sín kostnað frá þjóðvegi og heim að Útey. Davíð heitinn Jóhannesson játaðist með samningi 27. maí 1941 undir að greiða

helming kostnaðar af vegagerðinni samkvæmt mati tveggja dómkvaddra manna. Með dómi Hæstaréttar 18. júní 1947 var samningur þessi metinn ógildur að kröfu Davíðs, að fráteknunni ákvæði hans um vegarstæði í óskiptu landi Úteyjar I og Úteyjar II. Vegurinn er því samkvæmt framansögðu einkaeign stefnda, og eiga áfrýjendur þess vegna ekki heimtingu á því að nota hann, enda hefur hann ekki verið tekinn eignarnámi til almennrar notkunar. Ber því að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda in solidum málskostnað í Hæstarétti, kr. 1200.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Skapti Davíðsson, Ólafur Davíð Davíðsson og dánarbú Davíðs Jóhannessonar, greiði stefnda, Jónasi Hvannberg, in solidum kr. 1200.00 málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Árnassýslu 11. júlí 1949.

Ár 1949, mánudaginn 11. júlí, var í aukarétti Árnassýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins á Selfossi af hinum reglulega dómara, Páli Hallgrímssyni, uppkveðinn dómur í málinu nr. 8/1949, Jónas Hvannberg gegn Skapta Davíðssyni, Davíð Jóhannessyni og Ólafi Davíð Davíðssyni, en málið var þingfest 14. júní og dómtekið 2. júlí sama ár.

Málið er höfðað með stefnu, útgefinni 11. júní, til staðfestingar lögbanni, sem samkvæmt kröfu stefnanda í fógetarétti Árnassýslu að Útey í Laugar dal þann 6. s. m. var lagt við umferð stefndu um veg, sem stefnandi hefur gera látið frá þjóðvegi að Útey.

Tildrög máls þessa að öðru leyti eru þau, að stefnandi, Jónas Hvannberg, eigandi háflendunnar Úteyjar I, og stefndi Davíð Jóhannesson, meðeigandi Skapta Davíðssonar að háflendunni Útey II, gerðu þann 27. maí 1941 samning um lagningu vegar af þjóðvegi að Útey með þeim skilmálum, að Hvannberg skyldi sjá um vegargerðina og leggja út kostnaðinn, en mega síðan krefja Davíð eða síðari eigendur Úteyjar II um kostnaðinn að hálfu samkvæmt mati. Enn fremur var sú kvöð lögð á Útey II, að eigendur þeirrar jarðar skyldu greiða viðhaldskostnað vegarins að hálfu, enda var hann að sjálfsögðu ætlaður til sameiginlegra nota fyrir báðar jarðirnar. Vegurinn var síðan að mestu gerður sumarið 1942, en þá um haustið hófu þeir Davíð Jóhannesson og Skapti Davíðsson mál gegn Jónasi Hvannberg til ónýtingar samningnum. Málaferlum þessum lauk

með hæstaréttardómi þann 18. júní 1947, og var samningurinn felldur úr gildi, að fráteknu ákvæði hans um vegarstæði í óskiptu landi. Eftir þessi málalok notaði ábúandi Úteyjar II ekki veg Hvannbergs án hans leyfis, en hann hvarf burt af jörðinni í s. l. fardögum, og við tók sonur Skapta, Ólafur Davíð Davíðsson. Á meðan umrædd málaferli stóðu yfir, voru lönd háflendnanna enn óskipt, en þann 14. júlí 1947 fóru fram landskipti milli Úteyjar I og Úteyjar II, og var vegur Hvannbergs látinn ráða mörkum frá Þjóðvegi heim að markaskurði, rúmlega 2 km leið, en þaðan liggur vegurinn yfir land Úteyjar II. Fékk Útey I land sunnan vegarins, en Útey II landið norðan vegar. Í merkjalýsingu skiptagerðarinnar segir um land Úteyjar I: „Að norðan ræður vegurinn . . .“, en um land Úteyjar II: „Útey II fær allt land norðan Úteyjarvegar . . .“. Síðar segir í skiptagerðinni: „Eigendur og ábúendur Úteyjar II mega ekki girða nær vegi, þar sem Úteyjarvegur ræður mörkum, en eins og vegalög ákveða, eða 15 metra frá vegarmiðju.“ Hins vegar eru eiganda Úteyjar I engar hömlur settar um girðingu hinum megin vegarins. Yfirskipti fóru fram milli háflendnanna 9. júlí 1948, en þau breyttu ekki framanrituðum ákvæðum undirskiptagerðarinnar.

Þegar Ólafur Davíð Davíðsson tók við ábúð Úteyjar II í s.l. fardögum, svo sem að framan greinir, byrjuðu stefndu umferð með þungar vörubifreiðar um veg stefnanda. Þótti honum vegurinn liggja undir skemmdum af þessum sökum og sneri sér því til fógeta þann 6. júní s.l. og fékk þá samdægurs lagt lögbann við umferð stefndu um veginn. Hefur hann síðan höfðað mál þetta til staðfestingar lögbanninu og krafizt þess, 1) að viðurkennt verði með dómi réttarins, að stefndu sé óheimil öll umferð um umræddan veg frá Þjóðvegi að Útey I, að undanskildum kaflanum frá þeim stað, sem heimreið Úteyjar II kemur á veginn, að þeim stað, sem væntanlegur Austureyjarvegur kemur á hann, og 2) að lögbannsgerðin verði staðfest.

Stefndu krefjast aftur á móti, að fyrri kröfulið stefnanda verði frávísað, en lögbannsgerðinni hrundið. Báðir málsaðiljar krefjast tildæmnds málskostnaðar eftir mati réttarins.

Stefnandi hefur einn að öllu leyti kostað lagningu umrædds vegar og viðhald til þessa. Hann heldur því fram, að eftir landskiptin þann 14. júlí 1947 liggi vegurinn að öllu leyti í sinu landi frá Þjóðvegi að markaskurði, og skírskotar um það efni til orðalags skiptagerðarinnar, sem tilfært er hér að framan, svo og til þess, að eigendum og ábúendum Úteyjar II eru settar reglur viðvíkjandi girðingu meðfram veginum, en ekki honum sjálfum. Loks telur hann, að með ónýtingu sammingsins frá 27. maí 1941 hafi eigendur Úteyjar II misst allan rétt til afnota af veginum, þótt hann hafi upphaflega verið gerður með afnot fyrir eigendur og ábúendur beggja jarðanna fyrir augum.

Stefndu halda því hins vegar fram, að þar sem landskiptagerðirnar taki ekki berum orðum fram, að vegurinn sé að öllu leyti á landi stefnanda, hljóti landamerkin samkvæmt venju að vera eftir miðjum vegi, og eigi þeir sem eigendur og ábúendur Úteyjar II þegar af þeirri ástæðu jafnan

rétt til umferðar um veginn á móti stefnanda. Enn fremur telja þeir sér heimilt að nota veginn samkvæmt 40. gr. vegalaga nr. 34 22. apríl 1947, sem segir, að eigi megi landeigandi hindra umferð um veg, stíg eða götu-
troðning, sem liggur um land hans.

Með dómi Hæstaréttar þann 18. júní 1947 voru tekin af öll tvímæli um það, að stefnanda hafi heimilt verið að leggja umræddan veg í óskiptu landi jarðanna til eigin afnota, og ekki verður véfengt, að með eftirfarandi landskiptum hafi sú kvöð verið lögð á Útey II, að eiganda Úteyjar I skyldi vera heimilt að nota veginn og viðhalda honum, að því leyti sem hann liggur um land Úteyjar II. Engar líkur hafa verið leiddar að því, að með kvöð þessari hafi hlutur Úteyjar II á nokkurn hátt verið fyrir borð borinn við landskiptin, og verður því ekki fallizt á, að stefndu eigi umferðarrétt um veginn sérstaklega sem ábúendur eða eigendur Úteyjar II. Ekki verður heldur litið svo á, að ákvæði 40. gr. vegalaganna taki til vegar þess, sem mál þetta er af risið. Með umferðarbanni um veginn er ekki hindruð nein umferð, sem átt hafði sér stað án þessa mannvirkis stefnanda, og telja verður honum heimilt að mega firra sig tjóni af auknu viðhaldi með því að banna öðrum afnot vegarins, enda er um að ræða stórfellda hagsmuni, sem stefnandi hefur ekki með öðru móti aðstöðu til að varðveita tryggilega.

Þykir því verða að fallast á, að stefnanda hafi verið heimilt að leggja lögbann við umferð stefndu um umræddan veg stefnanda frá þjóðvegi að túngirðingu Úteyjar I og að staðfesta beri lögbannsgerðina, þó með þeirri takmörkun, sem er í samræmi við dómkröfur stefnanda, að undan lögbanninu sé skilinn sá kafli vegarins, sem liggur milli heimreiðar Úteyjar II og þess staðar, sem væntanlegur Austureyjarvegur kemur á hann, en umferð um þenna vegarkafla er stefndu heimil samkvæmt ákvæði yfir-
landskiptagerðar frá 9. júlí 1948. Eftir þessum málalokum ber að dæma stefndu in solidum til þess að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega metinn kr. 1.100.00.

Því dæmist rétt vera:

Lögbann það, sem í fógetarétti Árnassýslu þann 6. júní 1949 samkvæmt kröfu stefnanda, Jónasar Hvannbergs, var lagt við umferð stefndu, Skapta Davíðssonar, Davíðs Jóhannessonar og Ólafs Davíðs Davíðssonar, um veg stefnanda frá þjóðvegi að túngirðingu Úteyjar I, staðfestist að öðru leyti en því, að undan lögbanninu er skilin umferð um þann kafla vegarins, sem liggur milli heimreiðar Úteyjar II og þess staðar, sem væntanlegur Austureyjarvegur kemur á hann.

Stefndu greiði in solidum stefnanda kr. 1100.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 14 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.